



Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Skrifstofa húsnæðis- og skipulagsmála
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 10. október 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, mál nr. S-176/2025, sem birt var á samráðsgátt 19. september sl.

Samtökin fagna sameiningu Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (hér eftir „HMS“), enda er það mikilvægt skref í átt að aukinni skilvirkni og einföldun stjórnsýslu á sviði skipulags- og mannvirkjamála. Í fyrsta lagi er jákvætt að gert er ráð fyrir beinum sparnaði en í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í rekstraráætlun er gert ráð fyrir að núverandi húsnæði HMS rúmi sameiginlega stofnun og sparist þannig um 30 milljónir króna árlega í húsnæðiskostnað. Þá má einnig gera ráð fyrir hagræðingu í innri þjónustu sem geti skilað um 50 milljónum króna á ári í sparnað þegar fram líða stundir. Hrein rekstrarhagræðing gæti því numið um 80 milljónum króna á ári. Í öðru lagi sjá samtökin talsvert meiri tækifæri á sparnaði þegar kemur að bestun ferla og bættu viðmóti byggingarmála. Með sameiningunni ættu að mati samtakanna að verða til fjölmörg tækifæri til einföldunar ferla fyrir viðskiptavinum stofnananna, m.a. með samþættingu tæknilausna sem hafa það að markmiði að móta einn feril og afgreiðslustað. Slík þróun mun draga úr samfélagslegum kostnaði við uppbyggingarferli, öllum til bóta.

Samtökin taka undir markmið frumvarpsins um að starfsmönnum Skipulagsstofnunnar verði boðið starf hjá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun að lokinni sameiningu og ítreka sjónarmið sín um mikilvægi þess að sú sérfræðipækning sem til staðar er innan Skipulagsstofnunar glattist ekki. Markmið um hagræðingu og bættu ferla má ekki koma niður á gæðum þjónustuveitingar sameinaðar stofnunar.

Samtökin benda einnig á mikilvægi þess að endanlegt frumvarp skýri með fullnægjandi hætti hver fer með stjórn skipulagsmála við sameininguna. Samkvæmt lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun nr. 137/2019 er HMS sjálfstæð stofnun og fer fimm manna stjórn með yfirstjórn hennar. Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum kemur fram að ráðherra er ekki ætlað að hafa bein afskipti af stjórnun stofnunarinnar og er því talið nauðsynlegt að sérstök stjórn fari með yfirstjórn stofnunarinnar og hafi eftirlit með starfseminni. Er það hlutverk




stjórnarinnar að móta áherslur í starfi stofnunarinnar og fylgjast með starfsemi og rekstri hennar. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fer ráðherra þó að því er virðist áfram með yfirstjórn skipulagsmála þar sem ekki stendur til að breyta því ákvæði að öðru leyti en að nafn Skipulagsstofnunar er breytt í Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun. Starfsreglur stjórnar HMS eru aðgengilegar á vefsíðu HMS¹ en með sameiningu telja samtökin mikilvægt að þau mál sem munu falla undir valdsvið hennar þarfnist frekari skýringa í frumvarpinu.

Samtökin benda á að í umfjöllun greinargerðar um einstakar greinar frumvarpsins er að finna villur. Vísað er þar í 66. – 68. gr. en frumvarpið sjálft telur aðeins 65 greinar. Umfjöllun um einstaka greinar virðist því hafa skolest til við vinnslu draganna.

Að lokum ítreka samtökin þá afstöðu sína að tilefni er til þess að stjórnvöld taki afstöðu til fýsileika þess að Umhverfis- og orkustofnun fari með forræði yfir málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs

¹ https://hms-web.cdn.prismic.io/hms-web/e4ba5126-15e7-4656-b6e5-771c02b312ba_Starfsreglur+stj%C3%B3rnar+HMS_undirrita%C3%B0ar.pdf